

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. að hámarkshraði í Hlíðum norðan Miklubrautar og austan Lönguhlíðar verði 30 km/klst.
2. að hámarkshraði á Fjallkonuvegi milli Logafoldar (vestari tenging) og Jöklafoldar verði 30 km/klst.
3. að hámarkshraði á Hrístateigi sunnan gatnamóta við Sundlaugaveg verði 30 km/klst.
4. að samþykkt um lokun Hrístateigs sunnan Sundlaugavegar verði felld úr gildi.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 2. nóvember 1998.

Georg Kr. Lárusson, settur.

30. október 1998

AUGLÝSING

Nr. 662

um gjaldskrá fyrir meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum.

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir sérstökum göngudeildum fyrir meðferð húðsjúkdóma samkvæmt eftirfarandi reglum:

- a. Þegar reikningum er framvísað til greiðslu skal fylgja þeim tilvísun frá lækni, sérfræðingi í húðsjúkdómum þar sem því verður við komið, fyrir sérhvern nýjan sjúkling. Framvísa þarf nýrri tilvísun hálfárslega sé um stöðuga meðferð að ræða, annars þegar meðferðartímabil hefst.

- b. Greiðsla fyrir hverja meðferð:

B-geislar, B- og A-geislar, með eða án smyrsla kr. 600,00

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er skv. 2. gr. reglugerðar nr. 660/1998 um greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins fyrir meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum, gildir frá og með 1. nóvember 1998. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá skv. auglýsingu nr. 233 frá 14. apríl 1981.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 30. október 1998.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

8. nóvember 1998

Nr. 663

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Hveravöllum, Svínavatnshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Svínavatnshrepps þann 13. maí 1998 samþykkt deiliskipulag fyrir Hveravelli í Svínavatnshreppi.